

Foreldraráð Leikskóli Seltjarnarnes

Fundargerð, þriðjudagur 20.apríl 2015 kl. 08:20

Mættir voru Soffía Guðmundsdóttir, Svana Davíðsdóttir, Haukur Hauksson og Saga Ómarsdóttir.

- Tillögur að starfsdögum skólaárið 2015-2016 ræddar, foreldraráð gerir engar athugasemdir.
- Fundur um starfsemi sumarskólans verður með fræðslustjóra þessa viku. Fram hafa komið hugmyndir um að hefja sumarskóla útskriftarárgangs fyrr, eða í byrjun júní. Foreldraráð styður þessa hugmynd þannig að um leið skapist rými til að aðlögun nýrra barna geti hafist fyrr.
- Foreldrafélagið kom með þá tillögu að öll börn leikskólans færu í hvíld óháð því hvort þau sofni eða ekki. Eldri börnin fá þá tækifæri til að leggjast út af stutta stund, hvílast og til dæmis hlusta á sögu. Foreldraráð styður þessa tillögu.
- Vinnustaðgreiningin kemur mun betur út en síðast. Þátttaka meðal starfsmanna var betri og einnig er meiri áhugi meðal þeirra að vinna í umbótahópum sem skipaðir verða í kjölfar greiningarinnar.
- Vinnuaðstaða starfsmanna leikskólans er ekki í lagi, undirbúningsherbergi er til dæmis notað fyrir foreldraviðtöl og þá kemst enginn í undirbúning. Hugmynd að innleiða „Akureyrarmódelið“ en þar voru lausir vinnuskúrar settir á lóð leikskólans og nýttir sem skrifstofuaðstöður / undirbúningsaðstaða.
- Viðhald á húsnæði, það er ýmislegt eftir á Sólbrekku en laga þarf skóhillur, mála tengigang og snyrtingar. Í Holti þarf að klára loftin.
- Útisvæðið á lóð Sólbrekku og Mánabrekku þarfnast verulegar úrbætur og endurnýjun. Hugsá þarf svæðið frá grunni.

Fundi slitið 09:15

Fundargerð ritaði Saga Ómarsdóttir